

58. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 4. desember 2025 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar
Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Berglind Kristinsdóttir boðaði forföll á fundinn. Fundargerð síðasta fundar og ársfundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Rekstrar- og viðhaldsáætlun 2026

Forstöðumaður fór yfir rekstrar- og viðhaldsáætlun næsta árs, sem báðar voru samþykktar af stjórn. Engar stórar breytingar eru fyrirseðar á rekstri frá árinu í ár. Lögð verður áhersla á viðhald á efri hæð hússins.

2. Styrkt verkefni

Forstöðumaður sagði frá stöðu verkefnisins Gervigreind og nýsköpun sem Lóu nýsköpunarsjóður styrkti. Verkefnið var unnið í samstarfi Samtaka þekkingarsetra, KPMG og Innovation Week. Þá sagði hún frá verkefninu Hvar eru hvalirnir? sem styrkur fékkst úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að vinna á næsta ári. Daníel og Anna munu verkefnastýra því verkefni og er það hugsað til næstu fimm ára.

3. Gæðastefnur Þekkingarsetursins

Gæðastefna Samtaka þekkingarsetra var rædd og ákveðið að taka upp vinnu við mótun gæðastefna Þekkingarsetursins að nýju, á komandi ári. Stefnt er að því að allar stefnurnar verði tilbúnar fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður í febrúar, og þær teknar fyrir af stjórn á þeim fundi. Þær munu svo fara inn á vefsíðu setursins.

4. Önnur mál

- a) Forstöðumaður sagði frá breytingum innan Samtaka þekkingarsetra.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 19. febrúar kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 15:50.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - sign

Guðmundur Grétar Karlsson - sign

Sindri Gíslason - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign